

S A M Þ Y K K T

53

23. marz

um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kaupstúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Eskifjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á eftirgreindum eignum í hreppnum:

Bjarki með útihúsum, Bryggjuhús, Bræðsluhús, Dalshús, Fiskiskúr, Framkaupstaður með gripahúsum, Framkaupstaðartún, Framkaupstaður, 3 sjóhús og bryggja, Framnes með lóð, Friðþjófshús, Hliðarendi II. með 3 sjóhúsum, Mjóeyri með útihúsum, Randófshús með bryggju, Sjóhús (Svanshús) með bryggju, Timburgeymsla S. J., Útkaupstaður, íbúðarhús, bryggja, verzlunarhús, gamla búð, bryggjuhús, þvottahús, fjós og tún, Vélaverkstæði og bátaslíppur, Sjóhús og bryggja Arnþórs Jensen.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. marz 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Jarðræktarsjóð Dalasýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1946. 54
25. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jarðræktarsjóð Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jarðræktarsjóður Dalasýslu.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 23. des. 1944, með gjöf að upphæð kr. 30000.00, sem þau hjónin Þorsteinn sýslumaður Þorsteinsson og Áslaug Lárusdóttir, Búðardal, gáfu á sextugsafmæli Þorsteins sýslumanns.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipar sýslunefnd (héraðsstjórn) Dalasýslu og skal sýslumaðurinn í Dalasýslu vera féhirðir sjóðsins. Sýslunefndin úrskurðar þau mál, er sjóðinn varða, veitir styrki úr honum og ákveður upphæð þeirra. Þó áskilja gefendur sér rétt til, meðan þau lifa, bæði eða annað hvort, að veita alla styrki úr sjóðnum, en leita þó áður umsagnar sýslunefndar um styrkveitingu hverja.

54

25. marz

4. gr.
Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja Dalamenn til hvers konar framkvæmda, er að gagni megi koma til eflingar jarðrækt innan sýslunnar, svo sem verkfæra-kaupa og girðinga, með verðlaunagreiðslu fyrir jarðræktarframkvæmdir, en þó einkum til þess, að bændur geri hentug skýli (geymsluskúra) yfir búvélar sínar og verkfæri.

5. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal stíla til oddvita sýslunefndar Dalasýslu, og skal að jafnaði fylgja vottorð trúnaðarmanns búnaðarfélagsskapar á því svæði, er umsækjandi býr, um framkvæmd þá, er styrkbeiðnin er stíluð fyrir, og lýsing hennar. Þeir einir njóta styrks úr sjóðnum, sem búsettir eru í Dalasýslu og vinna framkvæmdirnar innan sýslunnar.

6. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Dalasýslu, Söfnunarsjóði Íslands eða hönkum landsins, kaupa ríkistryggð verðbréf, eða lána gegn fyrsta veðrétti í fasteign, þó aldrei hærra en svo, að veðið sjálf sé jafnan örugg trygging fyrir tvöfaldrí lánsupphæðinni.

Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins og að jafnaði skal leggja að minnsta kosti einn fjórða hluta vaxtanna við höfuðstólinn. Þó hafa gefendur sjóðsins rétt til að veita styrk úr sjóðnum, er nemi öllum vöxtum hans.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal féhirðir leggja fram á aðalfundi sýslunefndar Dalasýslu reikning sjóðsins yfir þá liðið ár, endurskoðaðan af manni þeim, er sýslunefnd velur til þess starfa. Endurskoðandi skal kosinn til fjögurra ára í senn.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi 23. desember 1945.

9. gr.

Leita skal forsetastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

55

25. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð um Magnús Stefánsson skáld (Örn Arnarson)“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Magnús Stefánsson skáld (Örn Arnarson).

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Magnús Stefánsson skáld (Örn Arnarson), á ártíð hans 12. desember 1944, og samkvæmt samþykkt á skiptafundi í dánarhúsi hans 7. desember 1943.

Er stofnfé sjóðsins allar eftirláttnar eignir dánarbús Magnúsar Stefánssonar, þar með talinn eignarréttur að ritum hans, auk gjafa, er sjóðnum hafa borizt.